



**Sveitarstjórnarfundur 6-2024**  
**Skagabúð 02.júlí 2024 kl 13:00**

Mætt voru: Erla Jónsdóttir, Magnús Björnsson, Bjarney Jónsdóttir, Kristján Steinar Kristjánsson og Vignir Sveinsson.

Erla setti fundinn og stjórnaði honum og Bjarney ritaði fundargerð. Gengið var til dagskrár.

**Dagskrá fundarins:**

- 1. Sameining Skagabyggðar og Húnabyggðar**
  - a. Skýrsla kjörstjórnar
  - b. Skipun fulltrúa í stjórn til undirbúnings hins nýja sveitarfélags

Liðir a og b eru teknir saman í bókun

„Kjörstjórn hefur skilað sveitarstjórn Skagabyggðar skýrslu um atkvæðagreiðslu um sameiningu Húnabyggðar og Skagabyggðar sem lauk 22. júní 2024.

Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar var eftirfarandi:

Í Skagabyggð var kjörsókn 92,5%  
Alls greiddu 62 atkvæði en 67 voru á kjörskrá.  
Já við sameiningu sögðu 47  
Nei við sameiningu sögðu 15  
Auðir og ógildir seðlar voru 0

Í Húnabyggð var kjörsókn 37,1%  
Alls greiddu 355 atkvæði en 955 voru á kjörskrá.  
Já við sameiningu sögðu 317  
Nei við sameiningu sögðu 36  
Auðir og ógildir seðlar voru 2

Í framhaldi af framangreindri niðurstöðu samþykkir sveitarstjórn Skagabyggðar að skipa Erlu Jónsdóttur og Magnús J Björnsson í stjórn til undirbúnings hins nýja sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 122. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.“

**2. Varmadæluvæðing - Framhald verkefnis**

Ákveðið að leita eftir bindandi þátttöku í verkefninu fyrir 9. júlí. Erlu falið að leita hagkvæmra innkaupa og hafa umsjón með framkvæmd.

**3. Vatnsöflun fyrir Skagabúð**

Fyrir fundinum lá tillaga Friðfinns Daníelssonar að borunarstað, ljóst er að hola sem boruð var 2023 er ekki nýtanleg til vatnsöflunar. Ákveðið að taka tillögu Friðfinns.

**4. Umsóknir um skólavist utan lögheimilissveitarfélags**

Fyrir fundinum lágu beiðnir frá foreldrum um skólavist námsveturinn 2024/2025. Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi beiðnir um skólavist leik- og grunnskólabarna utan lögheimilis. Um greiðslur fer eftir viðmiðunargjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga. Fjárheimild er í gildandi fjárhagsáætlun.

**5. Styrkvegafé - verkefni**

Umsókn sveitarfélagsins til Vegagerðarinnar upp á 7,2 milljónir var afgreidd með 3,0 milljóna króna styrk.



Ákveðið að stefna að verkefnum upp Hallárdal og slóð að Kjalarlandsrétt, ásamt pípuhliði við nýja girðingu við Kálfshamarsvík.

## 6. Bréf

### a. MAST - umsagnarbeiðni vegna North Light Seafood

Í bréfinu er óskað umsagnar sveitarfélagsins vegna tilraunaleyfis til skelræktar Northlight Seafood í Húnaflóa. Gert er ráð fyrir að tilraunaleyfið gildi að hámarki til 3ja ára með heimild til árs endurnýjunar í allt að 3 ár. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitt leyfi en áréttar að sótt verði um leyfi viðkomandi landeiganda ef tilraunir eigi að fara fram innan netlaga sem eru 115 m frá stórstraumsfjöru og samráð verði haft við útgerðarmenn á svæðinu. Einnig þarf að tryggja góða umgengni og allur búnaður verði skilmerkilega fjarlægður ef tilraunir stöðvast eða þeim hætt og búnaði fargað með viðurkenndum hætti.

### b. Markaðsstofa Norðurlands

Í bréfinu er lýst verkefninu Flugklasinn 66N, settar eru fram 5 sviðsmyndir varðandi framhald verkefnisins, fram kemur í erindinu að sveitarfélög á NV hafi almennt ekki áhuga á að styðja við verkefnið. Sveitarstjórn ætlar ekki að halda áfram stuðningi við verkefnið.

## 7. Fundargerðir

### a. 948. fundar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fundargerðin var til kynningar

### b. 108., 109. og 110. fundar SSNV

Fundargerðirnar voru til kynningar

### c. Fundargerð Félags- og skólaþjónustu frá 19.6.2024

Fundargerðin var til kynningar

### d. Fundargerð Byggðasamlags um menningar- og atvinnumál í A-Hún

Fundargerðin var til kynningar

### e. Fundargerð aðalfundar Fjarskiptafélags Skagabyggðar

Fundargerðin var til kynningar

## 8. Önnur mál

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundargerð lesin upp og samþykkt, og fundi slitið kl.15:00

\_\_\_\_\_  
Kristján Steinar Kristjánsson

\_\_\_\_\_  
Magnús Björnsson

\_\_\_\_\_  
Bjarney R Jónsdóttir

\_\_\_\_\_  
Erla Jónsdóttir

\_\_\_\_\_  
Vignir Sveinsson